

Nefndasvið Alþingis

Grindavík, 06.06.2024

Efni: Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Undirrituð hefur setið fjölda funda með aðilum sem komið hafa að gerð þeirra laga sem verið er að framlengja nú með litlum sem engum breytingum. Umsögn sem skilað var inn 16.02.2024 um frumvarp um rekstrarstuðning sem hér liggur m.a. til grundvallar á jafn vel við núna og þá. Engar breytingar hafa orðið og allir þessir fundir hafa engu skilað. Þá taldi ég að um tímabundna lausn væri að ræða á mjög afmörkuðum hluta þess bráða vanda sem skapast hefur sökum náttúruhamfara í Grindavík. Yfirvöld ætla nú að lengja í lausn sem nær engan veginn yfir málefnið.

Allir styrkir miða að sama marki: Þeir fá mest sem gera minnst!

Langtímalausnir þurfa að ná yfir mismunandi þarfir fyrirtækja til að starfa áfram, færa sig um set eða hætta starfsemi sökum brostinna rekstrarskilyrða.

- Áframhaldandi rekstrarstuðningur, þó með breyttu sniði, sem gagnast bæði þeim sem eru í engum rekstri og einnig þeim sem vilja eða neyðast til að starfa áfram á svæðinu. Þau fyrirtæki sem hafa reynt að halda úti starfsemi að öllu eða einhverju leyti þurfa annars konar styrk, styrk til að halda í starfsfólkið. Hvati þarf að vera fyrir launþega til að sækja vinnu áfram til Grindavíkur. Enginn rekstrargrundvöllur er í Grindavík ef launþegar leita annað sökum kostnaðar og umstangs við að koma sér í vinnu.
- Stuðningur til að færa rekstur yfir í annað bæjarfélag til framtíðar eða tímabundið á meðan óvissuástand ríkir. Stuðningslán gagnast aðeins lánveitendum en ekki lántakendum. Leigustyrkur gæti hins vegar verið tímabundinn hvati til áframhaldandi reksturs.
- Uppkaup atvinnuhúsnæðis líkt og gert hefur verið hvað varðar íbúðarhúsnæði. Það vita allir að húsnæði í Grindavík, bæði íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, eru með öllu verðlaus eftir uppkaupt ríkisins á íbúðarhúsnæðum einstaklinga, burtséð frá þeim atburðum sem náttúran hefur boðið upp á hingað til eða mun bjóða upp á í framtíðinni. Yfirvöld verða að klára uppkaupt á öllum þeim íbúðarhúsnæðum sem ekki féllu undir síðustu lög um uppkaupt og lögaðilar þurfa að fá það eigið fé sem bundið er fast í atvinnuhúsnæðum í Grindavík til að geta hafið uppbyggingu á öðrum stað. Gjörðir hafa afleiðingar og uppkaupt íbúðarhúsnæðis eru gjörðir yfirvalda.

Að lokum þarf að tryggja fyrirsjáanleika hvað varðar aðgengi að Grindavík og tryggja þarf að innviðir virki, hvað sem gengur á og hver sem það er sem á að borga.

Virðingarfyllst,
Arna Magnúsdóttir